# HÁLENDISMIÐSTÖÐ Í DREKAGILI - DEILISKIPULAG

## BREYTING: Aðstöðuhús á tjaldsvæði




Gildandi skipulag, samþ. í sveitarstjórn 10.5.2001




Breytt skipulag

Mkv.: 1:1.500. Blaðstærð A3

### Skýringar

- Mörk skipulagssvæðis
- Byggingarreitir
- Tjaldsvæði
- Akvegir
- Aðkoma, bílastæði
- Gangstígar
- Núverandi byggingar
- Lóðamörk (nýtt tákn)
- Lækjarfarvegir
- Rotþró, sorpgámur
- Bílaaðkoma að tjaldsvæði
- Gönguleiðir
- Skýringarlínur

## GREINARGERÐ

Deiliskipulag hálendismiðstöðvar í Drekagili var unnið á vegum Ferðafélags Akureyrar (FFA) og samþykkt 10. maí 2001. Breyting var gerð á deiliskipulaginu vegna nýbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs í maí 2013.

Árið 2017 voru skipulagsgögn lagfærð til samræmis við nákvæmar innmælingar mannvirkja, lóðamörk skilgreind og hnitsett og deiliskipulagsuppdráttur færður í rétt hnitakerfi (Ísnet93).

Nú leggur FFA fram tillögu að breytingu á deiliskipulaginu þar sem brýn þörf er fyrir aðstöðu fyrir tjaldgesti á svæðinu og þurrkaðstöðu fyrir göngu- og hjólafólk.

Gestum/gistinóttum í Drekagili hefur fjölgað jafnt og þétt frá aldamótum þótt árferði og eldgos hafi haft áhrif á aðsókn og aðgengi. Á sama tíma hefur gestum fækkað í Herðubreiðarlindum. Nokkur fjölgun er þó á svæðinu í heild þrátt fyrir það.




Stefnt er að því að reisa hús með bröttu risi sbr. Nýja Dreka. Á jarðhæð verða almenn þjónusturými fyrir tjaldgesti en í risi verður mögulegt að hýsa vinnuhópa og starfsmenn tímabundið vegna starfa og þjónustu á svæðinu. Ekki verður aukið við gistipláss til ferðamanna. Salerni og snyrtiaðstaða er í öðru húsi og verður með óbreyttu móti.

### Breyting á greinargerð

Nýr kafli **3.3.6 Aðstöðuhús við tjaldsvæði**.

406 m² lóð fyrir aðstöðuhús tjaldsvæðis er austan snyrtihúss. Byggingarreitur er 10,7x14 m. Form, útlit og litasetning verður í samræmi við Nýja Dreka, þ.e. ein hæð og bratt ris. Húsið er ætlað undir almenn þjónusturými fyrir tjaldgesti og rými fyrir vinnuhópa og starfsmenn í risi. Ekki er gert ráð fyrir gistirými fyrir ferðamenn.

### Breyting á skipulagsuppdrætti

Afmörkuð er ný 406 m² lóð með byggingarreit austan snyrtihúss. Tjaldsvæði er minnkað um 280 m²




Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 m.s.br.

## Áhrifamat

Breytingin hefur engin neikvæð áhrif á umhverfið. Unnt er að fjarlægja bygginguna og afmá öll ummerki um hana (afturkræf framkvæmd). Nýbygging verður í húsaþyrpingu hálendismiðstöðvar og hefur því engin áhrif á víðerni hálendisins eða mörk þeirra.

Breytingin hefur hvorki áhrif á ákvæði annarra skipulagsáætlana né verndarákvæði vegna náttúrufars og menningarminja.

Með byggingu hússins verður aðstaða gesta tjaldsvæðisins bætt verulega. Breytingin mun hafa jákvæð áhrif á aðstöðu ferðafólks og stuðla að öryggi þeirra og jákvæðri upplifun af ferðalögum um hálendi Íslands. Breytingin er þannig í samræmi við markmið Landsskipulagsstefnu um að ferðafólki um miðhálendið standi til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta, m.a. á hálendismiðstöðvum.

### SAMÞYKKT

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt frá 4.7.2018 til 3.8.2018

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Skútustaðahrepps 15.10.2018

SVEITARSTJÓRI SKÚTUSTAÐAHREPPS

sveitarstjóri

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í B- deild Stjórnartíðinda ______________

Dags. 29.5.2018

SKÚTUSTAÐAHREPPUR

FERÐAFÉLAG AKUREYRAR 1936


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508 NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740 VEFFANG: www.teikna.is